

# Ágætu námslæknar í heimilislækningum

## Velkomin á lyflækningadeildir LSH!

Við viljum benda á þær upplýsingar sem eru á heimasíðunni fyrir Framhaldsnám í almennum lyflækningum og flipann þar sem heitir „Sérnámslæknar í heimilislækningum“.

<https://www.landspitali.is/fagfolk/menntun/sernam-laekna/sernam-i-almennum-lyflaekningum/>

Þar er að finna:

- Gátlista við upphaf starfa
- Gátlista fyrir skilyrði fyrir sérnámslækna í heimilislækningum

Einnig er þar að finna hlekki á þau matsblöð sem þið eigið að skila á lyflækningadeildum, útskýringar á matsblöðunum og hvað felst í Personal Development Plan (PDP).

## Helstu tengiliðir:

	Nafn	Netfang	Sími
Kennslustjóri	Hildur Jónsdóttir	<a href="mailto:hildurjo@landspitali.is">hildurjo@landspitali.is</a>	
Yfirlæknir klínískar þjónustu sérnámslækna almennar lyflækningar	Inga Sif Ólafsdóttir	<a href="mailto:ingasif@landspitali.is">ingasif@landspitali.is</a>	824-5520
Skemastjóri MTP/ skrifstofustjóri	Gerður Ríkharðsdóttir	<a href="mailto:gerdurri@landspitali.is">gerdurri@landspitali.is</a>	852-8818
Skrifstofustjóri sérnáms	Jóna K Kristinsdóttir	<a href="mailto:jonakk@landspitali.is">jonakk@landspitali.is</a>	824-0358
Vinnustund	Gerður Ríkharðsdóttir	<a href="mailto:gerdurri@landspitali.is">gerdurri@landspitali.is</a>	620-1449
Launafulltrúi	Ísak Hafberg	<a href="mailto:isakha@landspitali.is">isakha@landspitali.is</a>	543-1318
Mannauðsskrifstofa	Mannauðsteymi SNL/ Eyrún Steinsson	<a href="mailto:mannaudsteymisernamslaekna@landspitali.is">mannaudsteymisernamslaekna@landspitali.is</a>	
Umsjónarsérnámslæknir	Ólafur Orri Sturluson	<a href="mailto:olafuros@landspitali.is">olafuros@landspitali.is</a>	
Umsjónarsérnámslæknir	Alexander Illarionov	<a href="mailto:alexandi@landspitali.is">alexandi@landspitali.is</a>	

## Vinnuskipulag í dagvinnu:

Sérnámslæknar í heimilislækningum, sem koma í 8 mánuði, fara í u.þ.b. 2-4 mánuði á námsvistir á öldrun, 1-2 mánuði á göngudeildir (stefnan er að allir fari á göngudeild innkirtlalækninga en aðrar göngudeildir eru einnig í boði), síðan á bráðalyflækningadeildir og almennar lyflækningadeildir en ef óskir um aðrar deildir koma fram í tæka tíð má oft verða við þeim.

Sérnámslæknar sem koma í skemmri tíma, t.d. 4 mánuði, fara almennt aðallega á öldrun og mögulega stutta námsvist á göngudeild (t.d. göngudeild Innkirtlalækninga).

Sérnámslæknir fær sent vinnuskipulag frá Gerði Ríkharðsdóttur, skrifstofustjóra við upphaf starfa og rotationyfirlit sem er áætlun fyrir námsvistir, en hverju námsári er skipt niður í 13, 4ra vikna blokkir. Hafir þú ekki fengið þitt rotationsyfirlit sent í tölvupósti biðjum við þig vinsamlegast að hafa samband við Gerði ([gerdurri@landspitali.is](mailto:gerdurri@landspitali.is))

## MyTimePlan - vaktumsjónarkerfið

Vaktaskemagerð er í höndum Gerðar Ríkharðsdóttur ([gerdurri@landspitali.is](mailto:gerdurri@landspitali.is)) sem sér einnig um Vinnustundina á lyflækningadeildum.

Lyflækningadeildir notast við rafrænt kerfi MyTimePlan fyrir vaktaskemagerð. Þar má finna yfirlit yfir allar **vaktir**. Slóðin þangað er: <https://www.mytimeplan.com>. Sérnámslæknar fá úthlutað lykilorði, sem er sent á landspítalanetfang við upphaf starfa. Þar er hægt að sjá allar vaktir og sjá hvar reiknað er með viðkomandi í dagvinnu. Einnig þarf sérnámslæknir að sækja appið MyTimePlan á istore eða GooglePlay og skrá sig inn í appið með sömu aðgangsupplýsingum. Mjög mikilvægt er að allir sérnámslæknar séu með appið í símanum sínum, en þar er skiptimarkaður fyrir vaktaskipti og lausar vaktir (veikindavaktir, aukavaktir) eru einnig auglýstar í kerfinu. Kerfið er einfalt í notkun. Hægt er að samkeyra það við dagatal í símanum og færast þá sjálfkrafa vaktir inn í dagatalið í símanum ykkar. Til að færa Dagatalið úr MTP inn í dagatal símans er hægt að fylgja þessum leiðbeiningum hér fyrir IOS síma:

<https://help.mytimeplan.com/personnel/settings/>

Allir nýir sérnámslæknar eiga rétt á að taka aðlögunarvakt (eina í Fossvogi og aðra á Hringbraut) og biðjum við ykkur að velja ykkur daga sem passa ykkur, stimpla ykkur inn og láta svo Gerði vita til að hún geti sett vaktina inn í vinnustundina svo þið fáið vaktina greidda. Við reynum að forðast að setja ykkur á kvöldvakt fyrstu daga í vinnu en stundum er slíkt óhjákvæmilegt.

Ef þið hafið fyrirspurnir varðandi ykkar vaktir getið þið sett ykkur í samband við umsjónarsérnámslækna lyflækningasviðs (Ólafur Orri Sturluson, netfang: [olafuros@landspitali.is](mailto:olafuros@landspitali.is) og Alexander Illarionov, netfang: [alexandi@landspitali.is](mailto:alexandi@landspitali.is))

**Vaktaskipti má gera beint í MyTimePlan kerfinu með skiptimarkaðnum, sjá leiðbeiningar á youtube:**

<https://www.youtube.com/watch?v=WkhsUWEJHHk>

Hér er myndband um hvernig þið getið boðið í vakt ("offer") á skiptimarkaðnum, annað hvort með því að bjóða aðra vakt í staðinn eða boðist til að eiga hana.

<https://www.youtube.com/watch?v=jxoO538Mlio>

**Ef vaktaskipti eru gerð með stuttum fyrirvara þarf að tilkynna skiptin til Gerðar svo tryggt sé að Vinnustund sé uppfærð.**

### Fríóskir í MTP:

Þegar óskað er eftir leyfi til **skemmri tíma** (1-5 daga) þá skal leita eftir slíku hjá yfirlækni/sérfræðingi/deildarstjóra þeirrar deildar sem þið eruð skráð á hverju sinni. Þegar leyfi hefur fengist skal láta Gerði Ríkharðsdóttur vita með því að senda tölvupóst með upplýsingum um leyfisdaga. Hver og einn er skipulagður á vaktaviku fimmtu hverja viku að jafnaði, ef svo ber undir að þið þurfið að fá leyfi á þeim dögum sem þið eruð á vaktaviku þá skal fyrst athuga hvort einhver sé til í að skipta við ykkur eða hreinlega taka vaktirnar ykkar, hægt er að gera slíkt í MTP kerfinu. Ef það gengur ekki skal hafa sambandi við Gerði og hún mun sjá um að auglýsa þær vaktir sem þið þurfið að fá leyfi frá.

Ef óskað er **eftir lengri tíma** í staðarvaktafri eða orlofi (allt umfram eina viku telst lengri tími), þá þarf að senda beiðni um það tímanlega til yfirlæknis klínískrar þjónustu Ingu Sifjar Ólafsdóttur ([ingasif@landspitali.is](mailto:ingasif@landspitali.is)) og afrit á Gerði ([gerdurri@landspitali.is](mailto:gerdurri@landspitali.is))

*Vaktir á Landakoti birtast ekki í MTP!*

### Vinnustund

Gerður Ríkharrsdóttir ([gerdurri@landspitali.is](mailto:gerdurri@landspitali.is)) er með skrifstofu ská á móti Litlu-Blásölum á E7. Senda þarf til hennar allt sem viðkemur Vinnustund:

- Upplýsingar ef breytingar á vakt eða vinnufyrirkomulagi
- Upplýsingar ef SNL þurfti að vera lengur vegna akút aðstæðna /álags á deild - setja athugasemd við stimplun í Vinnustund og senda tölvupóst með afriti á ábyrgan sérfræðing á deild.
- Fjarvistir vegna veikinda, veikinda barns eða annarra forfalla - hægt að senda tölvupóst vegna veikinda og ef það er vakt hringja þá er líka hægt að hringja.

*Sérnámslæknar bera sjálfir ábyrgð á að fylla rétt út í sína Vinnustund og yfirfara hana a.m.k. 2x í mánuði (fyrir 15.hvers mánaðar og fyrir mánaðamót). Ath. Setja þarf inn SVF á alla dagvinnutíma sem þið eruð ekki í vinnu t.d. í næturvaktavikum eða kvöldvöktum (16-24)*

### Skemagerð á öldrun

Inga Sigbrúður Ketilsdóttir ([ingask@landspitali.is](mailto:ingask@landspitali.is)) vaktasmiður og Hrefna Ragnheiði Magnúsdóttur ([hrefnag@landspitali.is](mailto:hrefnag@landspitali.is)) skrifstofustjóri sjá um vaktaskemagerð á öldrunardeildum. Kennslustjóri er Konstantín Shcherbak [konstant@landspitali.is](mailto:konstant@landspitali.is). Einnig er gott að vera í sambandi við Hrefnu Ragnheiði varðandi önnur praktísk atriði. Sérnámslæknar á öldrunardeildum geta verið settir á einstaka helgarvakt á A2 til viðbótar við vaktir á virkum dögum á Landakoti. Bið ykkur því að skoða bæði MTP og vaktaskema frá öldrun þegar þið eruð í dagvinnu á öldrunardeildum. Vaktaskema fyrir öldrunardeildir er aðgengilegt á slóðinni:

<https://docs.google.com/spreadsheets/d/1yBoZRALvBaYotLKdUH-fYzdoNybXmx8ijbOEs0ZmTHc/edit#gid=0>

*Vaktir á Landakoti birtast ekki í MTP!*

### Ófyrirséð forföll á virkum dögum

#### Á að tilkynna:

1. Til Gerðar Ríkharrsdóttur s. 852-8818 eða með tölvupósti –athugið að tilgreina ef viðkomandi á vakt þennan dag.
2. Hringja á legudeild fyrir kl 08 og láta vita fyrir stöðufundinn um fjarveru ykkar.
3. Hringja/láta sérfræðilækni sem er ábyrgur fyrir teyminu vita um fjarveru ykkar.

Ef sérnámslæknir á vakt á umræddum degi þá setur Gerður tilkynningu um að laus sé vakt sérnámslæknis inn í MTP appið og auglýsingu á Workplace. Allir sérnámslæknar eru beðnir að kíkja inn á MTP appið og Workplace fyrir kl. 12 daglega og skrá sig á vaktir ef þeir geta. Mikilvægt er að leyfa tilkynningar frá appinu svo þetta gangi sem best.

## Ófyrirséð forföll um helgar

Forföll á vöktum um helgar á að tilkynna til Umsjónarlæknis innlagna (UI sérnámslæknir s 825-9353). UI læknir metur hvort hægt sé að hliðra til mannskap eða biðja einhvern að vera lengur. UI læknir tilkynnir á næsta stöðumatsfundi um veikindin og kemur upplýsingunum áfram á sérnámslækni á vakt á Hjartadeild (s.824-5565).

UI læknir hefur heimild til að færa sérnámslækna/sérnámsgrunnlækna á milli húsa sé það nauðsynlegt. Hann hefur einnig heimild til að bjóða lengri vaktir til þeirra sem eru nú þegar í húsi.

Tilkynningar um forföll skulu berast a.m.k. 8 klst fyrir áætlaða byrjun á vinnutíma, eða eins fljótt og hægt er ef óvænt atvik koma upp. Mikilvægt að senda skilaboð um forföll um helgar til Gerðar svo að veikindin séu skráð rétt. Sérnámslæknir sem tekur aukavakt eða lengingu á vakt sendir einnig upplýsingar á Gerði svo hægt sé að skrá vaktina rétt.

Við þurfum öll að hjálpast að við að manna vaktir við forföll. Allir geta veikt og mikilvægt að allir líti á það sem sinn þátt í teymisvinnunni að taka aukavakt sé það mögulegt.

Mikilvægt er að fylgjast með að skráning sé rétt í Vinnustund.

### Varðandi staðarvaktarfrí

- Staðarvaktarfrí er fyrirfram skipulagt í tengslum við næturvaktir.
- Staðarvaktarfrí er fyrirfram skipulagt í tengslum við kvöldvaktir, þ.e. SVF í dagvinnu ef vaktin er 16-00
- Önnur staðarvaktarfrí eru veitt í samráði við teymið sem sérnámslæknir er á hverju sinni. Réttast er að hafa samband við yfirlækni á því teymi og fá að vita hvaða sérfræðingur er með teymið þá viku og senda þeim lækni ósk um staðarvaktarfrí. Staðarvaktarfrí er aðeins hægt að veita ef það passar inn í vinnufyrirkomulag deildarinnar. Ekki er hægt að reikna með að annar sérnámslæknir/sérnámsgrunnlæknir geti komið í staðinn fyrir þann námslækni sem er í staðarvaktarfrí.
- Beiðni um **lengri** staðarvaktarfrí þarf að senda með góðum fyrirvara (amk 6 vikna fyrirvara) á kennslustjóra og yfirlækni klínískrar þjónustu. Breytingar um lengri leyfi skal senda á Ingu Sif Ólafsdóttur yfirlækni klínískrar þjónustu.

### Fræðsluprógramm:

- Elísabet Lilja Haraldsdóttir heilbrigðisgagnafræðingur sendir út vikuskema fyrir fræðslufundi á Workplace hóp sérnámslækna og heldur utan um mætingarlista fyrir kennsluna.
- Sérnámslæknar í lyflækningum eru í kennslu frá 12:00-16:00 á fimmtudögum. Fræðslan fer fram í Fossvogi.
  - a. 12:00-13:00: MRCP spurningarbanki eða PACES kennsla eftir atvikum.
  - b. 13:00-14:00: Fyrirlestur sérnámslæknis, sérfræðingur viðkomandi sérgreinar er viðstaddur.
  - c. 14:00-16:00: Fimmtudagsfræðsla frá sérfræðilæknum mismunandi undirsérgreina.
- Umsjónarsérnámslæknar búa til fyrirlestrarplan fyrir veturinn. Sérnámslæknar ákveða sjálfir um hvað fyrirlesturinn fjallar en ákjósanlegt að fyrirlesturinn sé um viðfangsefni þeirrar

rotasjónar sem að sérnámslæknirinn er á. Mikilvægt að hafa samband við sérfræðilækni viðkomandi sérgreinar með góðum fyrirvara svo að hann sé viðstaddur.

Gert er ráð fyrir 70% mætingu á fræðslufundi á fimmtudagsfundi yfir veturinn

o Rafræn skráning á Workplace

o Nóg að einn sérnámslæknir í hvorum sal @merki alla sem eru mættir

o Þeir sem fylgjast með úr öðrum húsum eða að heiman á Teams merkja sig sjálfir.

o Virðing við tíma fyrirlesara að mæta og taka þátt

**Hvert á að senda beiðni um:**

- **Fæðingarorlof.** Senda tölvupóst á yfirlækni klínískrar þjónustu, Ingu Sif Ólafsdóttur. Einnig mikilvægt að fylla út tilhögunun fæðingarorlof sem yfirlæknir klínískrar þjónustu þarf að skrifa undir.  
<https://vinnumalastofnun.is/media/2392/tilkynning-um-tilhogun-faedingarorlofs141346792.pdf>
  - o *Mikilvægt að verðandi foreldrar tilkynni eins fljótt og auðið er að barnsfæðing sé yfirvofandi svo hægt sé að taka tillit til þess í skemagerð.*
- **Tilkynningu um þungun** þarf að senda eins fljótt og hægt er til kennslustjóra og yfirlæknir klínískrar þjónustu svo hægt sé að taka tillit til þess í vaktaskemagerð (sjá verklagsreglur um þungaða sérnámslækninn)
- **Hver tekur við tilkynningu um lengra veikindaleyfi, eða ef þarf að hætta tímabundið á vöktum?** Inga Sif Ólafsdóttir yfirlæknir klínískrar þjónustu og bóka fund með henni.
- **Beiðni um ráðstefnuferðir/námsdaga?** Hildur Jónsdóttir kennslustjóri.

### Móttökumiðstöð

Gert er ráð fyrir að sérnámslæknar mæti fyrsta dag sinn skv. ráðningarsamningi við LSH í móttökumiðstöð í Skaftahlíð 24. Nánari upplýsingar varðandi móttökumiðstöðina er að finna [hér](#).

### Workplace

Workplace er samskiptamiðill Landspítala og er mikið notaður á lyflækningadeildum. Þið skráið ykkur inn á workplace.landspitali.com með Landspítala netfanginu ykkar. Ykkur er boðið með í Workplace hóp fyrir þann klasa sem þið tilheyrði (Hringbraut eða Fossvogur) ásamt hóp fyrir alla námslækna á lyflækningadeildum þar sem ýmsar upplýsingar eru settar inn varðandi fræðslu, akút aukavaktir, vinnufyrirkomulag ofl. Mikilvægt er að fylgjast reglulega með Workplace meðan á dvöl ykkar stendur.

### TEAMS

Við notum Teams til að fjarvarpa fræðslufundum. Hægt er að skrá sig inn á Teams í hvaða tölvu sem er og þess vegna fylgjast með fræðslu í fjarvarpi að heiman eða t.d. frá Landakoti. Til að skrá sig inn á Teams þarf að nota Landspítala netfang. Undir "files" á Teams er líka að finna skjöl er varða sérnámslækna.

**Kennslustjóri:**

Kennslustjóri almennra lyflækninga er Hildur Jónsdóttir með netfangið [hildurjo@landspitali.is](mailto:hildurjo@landspitali.is)  
Vinsamlega hafið samband við hann við upphaf starfa.

**Handleiðsla:**

Þið fáið úthlutað klínískum handleiðara á þeim starfsstöðvum sem þið vinnið á og biðjum við ykkur að eiga fund með þeim í upphafi og lok hvernar námsvistar. Ef enginn handleiðari er skráður hjá ykkur um viku eftir upphaf starfa biðjum við ykkur að hafa samband við Jónu Kristjönu skrifstofustjóra ([jonakk@landspitali.is](mailto:jonakk@landspitali.is)).

**Kynning við upphaf starfa:**

Við vonum að þetta bréf sé upplýsandi. Enginn skipulagður kynningarfundur er haldinn við upphaf starfa. **Mikilvægt er að bóka fund með yfirlækni klínískrar þjónustu, Ingu Sif á fyrstu tveimur vikum í starfi.** Séu ekki nægar upplýsingar hér í þessu bréfi er velkomið að hafa samband við umsjónarsérnámslækna.

*Með kærri kveðju*

(síðast uppfært desember 2023)